

greina, enda greiði uppboðskaupandi, varnaraðili í máli þessu þegar að fullu uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, kr. 550.000.00, til uppboðshaldarans í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Tekin er hins vegar til greina varakrafa sóknaraðilja um, að niður verði felldir frádráttarliðir í framlögðu frumvarpi að úthlutun á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, samtals að fjárhæð kr. 196.856.00.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. júní 1973.

Nr. 62/1972: Jón Gunnar Möller

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Skiptaráðandanum á Siglufirði

f. h. þrotabús Kaupfélags Siglufirðinga

(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Gjaldþrot. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með stefnu 12. maí s. á. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér sem forgangskröfu kr. 70.794.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur eigi gagnáfrýjað máli þessu. Hann sættir sig við úrlausn skiptadóms um kröfur að fjárhæð kr. 51.392.80 svo og að kröfur hans séu forgangskröfur í þrotabúinu. Hann andmælir vaxtakröfum áfrýjanda svo og málskostnaðarkröfum hans.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, var áfrýjanda sagt upp störfum hjá Kaupfélagi Siglfirðinga með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 30. september 1970. Starfaði hann hjá kaupfélaginu til 9. október þ. á., en þann dag var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta. Verður við það að miða, að áfrýjandi hafi ekki átt þess kost að halda áfram föstu starfi sínu hjá þrotabúinu til loka uppsagnarfrestsins. Miðast kröfur áfrýjanda við laun þau, er hann hefði notið allt til 31. desember 1970. Enn fremur er krafizt ógreidds orlofsfjár í 24 daga, samtals kr. 17.160.00.

I. Krafa áfrýjanda vegna ógreiddra launa og ráðningarslita, kr. 53.634.00.

Kröfu þessari er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Fallast má á þá úrlausn skiptadóms, að til frádráttar henni komi kr. 2.667.00. Skiptadómur dregur einnig frá henni kr. 15.494.27, sem dómurinn telur, að áfrýjandi hafi aflað sér í desember 1970 með rekstri verzlunar, er hann stofnaði á Siglufirði 5. desember þ. á. Engin gögn hafa komið fram um hagnað af verzlun þessari, og viðurkennt er í málinu, að verzlunin hafi verið lögð niður eftir nokkurra mánaða starfrækslu. Með vísan til þessa þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að áfrýjandi hafi haft tekjur af rekstri verzlunarinnar í desember 1970, og verður þessi frádráttarliður því ekki tekinn til greina. Launakrafan er að öðru leyti óvefengd. Samkvæmt því verður þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 50.966.40 (kr. 53.634.00 ÷ 2.667.60) sem forgangskrafa í búi stefnda, sbr. b lið 5. tölulið 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

II. Krafa áfrýjanda vegna orlofs, kr. 17.160.00.

Samkvæmt úrslitum um kröfu I hér að framan ber að taka þessa kröfu til greina að fullu sem forgangskröfu í þrotabúi stefnda, sbr. 4. gr. i. f. laga nr. 16/1943, er þá giltu, sbr. og b lið 5. töluliðs skiptalaga nr. 3/1878.

III. Um vexti af framangreindum kröfum.

Áfrýjandi lýsti kröfum sínum í þrotabú Kaupfélags Siglfirðinga með bréfi til skiptaráðandans á Siglufirði 7. desember 1970. Ekki hafði hann þá uppi vaxtakröfu. Krafa hans var árétuð með bréfi Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdóms-

lögmanns 12. október 1971. Þar er eigi heldur hreyft vaxtakröfu, og kemur slík krafa fyrst fram í greinargerð lögmanns áfrýjanda í héraði 10. febrúar 1972. Gegn andmælum stefnda verður vaxtakrafa áfrýjanda að svo vöxnu máli eigi tekin til greina.

Úrslit málsins verða samkvæmt framansögðu þau, að áfrýjandi eigi forgangsrétt í þrotabú stefnda fyrir kr. 68.126.40. Þá ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Jón Gunnar Möller, á forgangsrétt í þrotabú stefnda, Kaupfélags Siglfirðinga, samkvæmt framan-sögðu fyrir kr. 68.126.40.

Stefndi, skiptaráðandinn á Siglufirði f. h. þrotabús Kaupfélags Siglfirðinga, greiði áfrýjanda, Jóni Gunnari Möller, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

Úrskurður skiptadóms Siglufjarðar 21. febrúar 1972.

Ár 1972, mánudaginn 21. febrúar, var í skiptarétti Siglufjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins Aðalgötu 10 af Elíasi I. Elíassyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í málinu: Gunnar Möller gegn þrotabúi Kaupfélags Siglfirðinga.

Að beiðni stjórnar Kaupfélags Siglfirðinga var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar hinn 9. október 1970. Lýstu margir aðiljar kröfum í búið, m. a. 31 aðili vegna vinnulauna, og meðal þeirra var sóknaraðili, Gunnar Möller, er gerði kröfu til þess með bréfi, dags. 7. desember 1970, að sér verði m. a. greidd sem forgangskrafa úr þrotabúinu laun í 3 mánuði, kr. 53.634.00, þ. e. kr. 17.878.00 á mánuði, og óuppgert orlof í 24 daga kr. 17.160.00, eða kr. 715.00 á dag, eða þannig samtals kr. 70.794.00. Að liðnum innköllunarfresti var gerð skrá yfir lýstar kröfur og hún lögð fram á skiptafundi 23. marz 1971, er fresta varð, og kom skráin fyrst til athugunar á skiptafundi 27. apríl 1971. Tóku

fundarmenn sér þá frest til þess að gera athugasemdir, ef því væri að skipta, við vinnulaunakröfurnar í kröfulýsingarskránni. Næst gerðist það, að skiptaréttinum barst hinn 1. júní 1971 bréf, dags. 27. maí 1971, frá Jóhanni Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, sem gætir hagsmuna 15 kröfuhafa við þrotabússkiptin. Í bréfinu segir svo m. a.:

„Til áréttingar munnlegum mótmælum á síðasta skiptafundi leyfi ég mér hér með að ítreka mótmæli við eftirtöldum liðum á lista yfir lýstar kröfur í þrotabú Kf. Siglfirðinga.

1. Ég mótmæli þriggja mánaða uppsagnarfresti þess starfsfólks, sem sannanlega hefir komist í önnur störf á því tímabili.

2.

3.

4. Að lokum og til vara mótmæli ég því, að uppsagnarfrestur starfsfólksins sé talin forgangskrafa í þrotabúinu. Ég tel að uppsagnarfresturinn sé skaðabótakrafa, en alls ekki vinnulaunakrafa. Er það augljóst, þegar litið er til þess, að sumt starfsfólkið hefur verið á launum annars staðar, að uppsagnarfresturinn getur ekki talizt launakrafa, heldur er þar um að ræða bætur fyrir það tjón, sem skapast við fyrirvaralausa uppsögn. Er því ljóst, að slík krafa telst ekki forgangskrafa í þrotabúið.“

Þar er ekki tókust sættir um ágreining út af launakröfunum, var ákveðið á skiptafundi 10. september s.l. að leita eftir úrskurði um nánargreindar launakröfur, þ. á. m. launakröfu sóknaraðilja í máli þessu, og beðið með að taka afstöðu til annarra launakrafna á meðan. Lokatilraun til þess að reyna sættir út af áðurnefndum ágreiningi var gerð á skiptafundi 18. nóvember s.l., er boðað hafði verið sérstaklega til í því skyni. Á þeim fundi kom í ljós, að umbjóðendur Jóhanns Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns við búskiptin hyggðust ekki gera frekari reka að þeim sérstöku skiptaréttarmálum, er ráð hafði verið fyrir gert á áðurnefndum skiptafundi 10. september s.l. og áttu rót sína að rekja til mótmælanna í áður tilvitnuðu bréfi, og tekur þetta m. a. til máls þess, sem hér er til meðferðar. Er svo var komið, taldi dómarrinn sem skiptaráðandi umrædds þrotabús eftir atvikum rétt að útvega því sérstakan talsmann í málinu, svo úr ágreiningnum fengist skorið, enda var rík áherzla á það lögð af hálfu kaupkröfuhafa í búinu, að svo mætti verða, og kom það m. a. fram á síðasta skiptafundi

og fyrirsjáanlegt, að langt sé í það, að endanleg úthlutun geti átt sér stað.

Að loknum munnlegum málflutningi var mál þetta tekið til úrskurðar hinn 11. þ. m. Í greinargerð, er lögð var fram í skiptaréttinum þann dag og svo í munnlegum flutningi málsins voru af hálfu sóknaraðilja gerðar þær kröfur í málinu, að honum verði úrskurðað sem forgangskrafa úr þrotabúinu kr. 70.794.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 9. október 1970 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu, þ. á. m. ferðakostnaður og dagpeningar.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafizt aðallega, að synjað verði um greiðslu hinnar umkröfðu fjárhæðar úr þrotabúinu, nema sem svarar ógreiddum launum fyrir tímabilið 1. til 9. október 1970, þ. e. 9/30 hlutar af mánaðarkaupi, og orlofsfjár, en til vara, að krafa sóknaraðilja verði að öðru leyti aðeins talin almenn krafa. Kröfu um vexti er mótmælt. Loks er krafizt málskostnaður úr hendi sóknaraðilja samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Sóknaraðili, sem er verzlunarmaður og meðlimur í Verzlunarmannafélagi Siglufjarðar, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi í 7 eða 8 ár starfað hjá Kaupfélagi Siglfirðinga, er félagið varð gjaldþrota 9. október 1970, og var hann deildarstjóri í búsáhalda- og gjafavörudeild. Með bréfi, dags. 29. september 1970, var honum sagt upp starfi hjá félaginu með 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við 30. september 1970. Bréfið er svolhljóðandi: „Vegna óvissu um framtíðarrekstur félagsins hefur stjórn K.F.S. falið mér að segja yður upp starfi með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 30. september n.k.“. Bréfið er undirritað af kaupfélagsstjóranum. Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið greidd laun síðan 1. október 1970. Hann kveðst hafa átt rétt til 24 daga orlofs, og er orlofskrafa hans í málinu vegna alls ársins 1970. Í október 1970 vann sóknaraðili nokkra daga við vörutalningu fyrir þrotabúið. Frá 23. nóvember 1970 vann hann að undirbúningi opnunar eigin verzlunar, er hann opnaði 5. desember 1970.

Kröfur sóknaraðilja í málinu eru byggðar á áðurgreindu uppsagnarbréfi. Lögmaður hans sagði við munnlegan flutning málsins, að því hefði verið slegið föstu með dómi Hæstaréttar, að hér sé um að ræða forgangskröfu, sbr. dómasafn Hæstaréttar XVIII, bls. 133. Enn fremur er því haldið fram, að óheimilt sé að draga frá þeirri kröfu tekjur, er hann kunni að hafa haft á uppsagnartímanum.

Af hálfu varnaraðilja er bent á, að strax eftir gjaldþrot kaupfélagsins hafi sóknaraðili hafið rekstur eigin verzlunar á Siglufirði og gerzt kaupmaður. Með því hafi hann verið í fullu starfi frá gjaldprotinu og alls ósannað, að hann hafi orðið fyrir nokkru tjóni af þeim sökum. Samkvæmt almennri venju og viðurkenndum reglum íslenzks réttar fái fólk ekki greidd laun á uppsagnarfresti, ef það hefur þá hafið önnur störf, enda sé uppsagnarfrestur á því byggður, að vinnuveitandi tryggi starfsmanni sínum laun, á meðan hann leiti sér að annarri atvinnu, í allt að þrem mánuðum (eða í annan tíma samkvæmt samningi hverju sinni). Lagareglur og samningsákvæði um uppsagnarfrest séu einmitt sett til að tryggja starfsmann fyrir tjóni af atvinnuleysi, en ekki til að skapa starfsmanni tvöföld laun, ef honum tekst strax að fá aðra atvinnu. Hvort heldur sóknaraðili byggi rétt sinn á uppsagnarfrestinum samkvæmt uppsagnarbréfinu eða á afleiðingum gjaldþrotsins, þá leiði reglur ekki til launagreiðslu honum til handa, þar eð vitað sé, að hann hafi verið í fullu starfi frá upphafi gjaldþrotaskipta. Telur lögmaður varnaraðilja fráleitt, að sóknaraðili eigi frekar rétt til launa, þó að hann hafi sjálfur gerzt kaupmaður, heldur en ef hann hefði tekið laun hjá öðrum vinnuveitanda. Telur hann það undarlegan skilning, ef hlutur sóknaraðilja væri talinn verri sem sjálfstæðs kaupmanns heldur en launþega hjá öðrum.

Lögmaður varnaraðilja leiðir þá reglu af nokkrum dómum Hæstaréttar, er hann tilfærir í greinargerð sinni, að bæta eigi launþega það tjón, sem fyrirvaralaus uppsögn veldur honum allt að fullum uppsagnarfresti, en aðeins tjón, og draga beri frá bótum þær tekjur, sem aflað hefur verið annars staðar á uppsagnartímabilinu, enda minnki þær það tjón, sem starfsmaður verði fyrir, enda sé það grundvallarregla íslenzks skaðabótarréttar, að bæta beri tjón, sem valdið sé, en haldi starfsmaður fullum launum annars staðar, þá valdi uppsögn engu tjóni. Kvað lögmaðurinn aðalkröfur varnaraðilja í málinu byggðar á þessum sjónarmiðum.

Kröfur sóknaraðilja voru auknar svo í greinargerð og munnlegum málflutningi, að auk launa og orlofs, er krafist var í kröfuhlýsingu, var nú einnig gerð krafa til vaxta. Þeim auknu kröfum var þegar, er efni voru til, mótmælt af hálfu varnaraðilja við munnlegan flutning málsins. Ber því að vísa vaxtakröfunni á bug, og kemur hún ekki til álita í máli þessu.

Lögmenn aðilja voru í málflutningi sínum sammála um það, að krafa um laun á uppsagnarfresti væri í eðli sínu skaðabótakrafa.

Lögmaður sóknaraðilja hélt því fram, að slík bótakrafa nyti aukinnar réttarverndar, eða m. ö. o. eins og launakrafa og væri þetta forgangskrafa í bú. Benti hann á í því sambandi, að sjómönnum væri veitt sjóveð fyrir sambærilegum kröfum þeirra. Óheimilt væri að draga frá þessari kröfu það, sem viðkomandi kynni að hafa unnið sér inn hjá öðrum aðiljum á uppsagnartímanum. Lögmaður varnaraðilja hélt því hins vegar fram, eins og áður er rakið, að draga bæri frá kröfunni þær tekjur, er maður hefði haft á uppsagnartímanum. Beindist málflutningur lögmannna að iljanna ekki hvað sízt að því að rökstyðja þessar andstæðu skoðanir. Við munnlegan flutning málsins sagði lögmaður varnaraðilja, að sóknaraðili einn gæti upplýst, hverjar tekjur hann hefði haft, eftir að hann fór að verzla í desember 1970, og væri hans að sýna fram á, ef hann hefði haft minni tekjur af því en tilsvarandi tekjur hjá kaupfélaginu fyrir sama tíma.

Upplýst er í málinu og ágreiningslaust, að sóknaraðili átti 3 mánaða uppsagnarfrest samkvæmt gildandi samningi um kaup og kjör Verzlunarmannafélags Siglufjarðar við atvinnurekendur. Með tilvísun til þess ber að taka til greina kröfu sóknaraðilja um um greiðslu 3 mánaða launa úr þrotabúinu, og telst hún eiga að njóta forgangsréttar samkvæmt 5. tl., b liðs, 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Kemur þá til álita, hvort draga beri frá uppsagnarfrestsgreiðslunni, er samsvari tekjum sóknaraðilja frá öðrum á uppsagnarfrestinum, en það hlýtur að vera matsatriði hverju sinni, hvort og þá að hve miklu leyti til slíks frádráttar skuli koma. Með því að fallast má á rök af hálfu varnaraðilja fyrir þess konar frádrætti í máli þessu, þykir rétt að ákveða, að frá launagreiðslunni fyrir uppsagnartímann skuli draga laun vegna vinnu við vöru-
talningu fyrir þrotabúið, kr. 2.667.60, og er samsvarar 26 daga launum í desember 1970, eða frá því sóknaraðili hóf rekstur eigin verzlunar, kr. 15.494.27 (þ. e. kr. 17.878 x 26/30).

Þá er komið að því að taka afstöðu til kröfu sóknaraðilja um greiðslu orlofs í 24 daga. Hann kvaðst eiga rétt til 24 daga árlegs orlofs og orlofskrafan sé vegna ársins 1970. Sóknaraðili hefur enn fremur upplýst, að hann hafi á sínum tíma gengið frá kröfulýsingu sinni í búið í samráði við kaupfélagsstjórnann. Verður þá gengið út frá því, að orlofskrafan sé útaf fyrir sig rétt, enda hefur ekkert það komið fram í málinu, er sýni hið gagnstæða. Þykir því bera með hliðsjón af því, sem rakið var hér að framan um uppsagnarfrestskröfu sóknaraðilja, að taka til greina sem forgangs-

kröfu í búið kr. 15.920.67 sem orlofsgreiðslu, þ. e. a. s. 22 dagar á kr. 715.00 + 2 dagar á kr. 715.00 x 4/30.

Úrslit máls þessa verða því þau, að úrskurða ber sóknaraðilja sem forgangskröfu úr hendi varnaraðilja kr. 53.634.00 ÷ kr. 2.667.60 og ÷ kr. 15.494.27. Og enn fremur kr. 15.920.67, eða samtals samkvæmt því kr. 51.392.80, en eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður skuli niður falla.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili, Gunnar Möller, hefur forgangsrétt samkvæmt 5. tl., b liðs, 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878 í þrotabú varnaraðilja, Kaupfélags Siglifrðinga, fyrir kr. 51.392.80.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. júní 1973.

Nr. 95/1973: **Haraldarbúð h/f**

gegn

Stefáni Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1973, er barst dóminum 13. júní 1973. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að veittur verði gagnaöflunar-frestur sá, sem synjað var um með úrskurði héraðsdóms.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 1. j. laga nr. 57/1962. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.